

Nd.

63. Frumvarp til laga

um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf fyrir allt að 2 milljónum króna. Ríkisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inndrætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

2. gr.

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skirteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1937.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefir áður verið flutt hér á Alþingi án þess að hafa fengið fullnaðarafgreiðslu.

Það er óverjandi af Alþingi að rétta í engu hlut þeirra manna, sem misstu stóran hluta sparifjár síns, er þeir áttu í Íslandsbanka og tekið var sem hlutafé í Útvegsbanka Íslands. Sá hluti þjóðarinnar, sem fyrir þessu hefir orðið, átti alveg sama siðferðislegan rétt á því, að sparifjáreign hans væri vernduð eins og þeir, sem um sama leyti áttu sparifé í Landsbankanum, og þeir, sem síðan hafa eignast samskonar fé í Útvegsbanka Íslands h/f.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir frv. til laga um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f, þingskj. 289 frá þinginu 1934.